

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—10000 kr., nema þyngri refsing liggir við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í lendingarsjóð Stokkseyrar.

184

17. sept.

15. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 22 20. maí 1942, um lendingarbætur á Stokkseyri, til að öðlast gildi 1. október 1943. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um lendingarsjóð í Stokkseyrarveiðistöð, nr. 5 23. febr. 1924.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vígfús Einarsson.

SAMÞYKKT

fyrir Veiði- og fiskræktarfélag Rangæinga.

185

21. sept.

1. gr.

Félagið heitir Veiði- og fiskræktarfélag Rangæinga. Heimili þess og varnarping er að þingstað Hvolhrepps að Stórólshvoli.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka og koma á lax- og silungsveiði á félagssvæðinu og auka arð af henni með því:

1. að gera fiskveg upp yfir fossa þá, sem nú tálma fiskför í ám á félagssvæðinu;
2. að stunda lax- og silungsklak;
3. að reka lax- og silungsveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefur eitt umráð yfir öllum veiðirétti í þessum vötnum: Ytri-Rangá, Eystri-Rangá, Þverá og Hólsá, og öllum þverám og lækjum sem í þau falla.

Félagsmenn eru allir eigendur eða ábúendur þeirra jarða, sem land eiga að nefndum vötnum.

Jarðirnar eru:

Djúpárhreppsdeild: Unhóll I, Unhóll II, Eystra-Tobbakot, Vestra-Tobbakot, Bali (með Gvendarkoti), Húnakot, Hraukur, Litla-Rimakot, Stóra-Rimakot, Suður-Nýibæ, Vatnskot I, Vatnskot II, Háir-Rimi, Norður-Nýibær, Melur, Miðkot, Jaðar, Háþær, Skinnar, Brekka, Búð I, Búð II, Hávarðarkot, Dísukot m. Hákot, Vesturholt m. Stöðulkoti, Oddspartur, Önnupartur, Skarð, Borgartún I, Borgartún II, Bjóluhjáleiga I, Bjóluhjáleiga II, Hrafnstöftir I, Hrafnstöftir II, Rangá, Ægissíða I, Ægissíða II, Bjarg (ekkert land að á), Árbæjarhjáleiga, Árbær, Árbæjarhellir, Eystri-Hóll, Grímsstaðir, Ytri-Hóll I, Ytri-Hóll II, Hemla m. Skeiði, Hvítanes, Ey I, Ey II, Ey III, Ártún m. Ártúnakoti, Bakkakot, Fróðholt, Fróðholtshjáleiga, Uxahryggur I, Uxahryggur II, Móeiðarhvolshjáleiga, Móeiðarhvoll I, Móeiðarhvoll II, Djúpidalur, Dufþaksholt I, Dufþaksholt II, Eystri Garðsauki með Moshvoll, Litli-Moshvoll, Bjóla I, Bjóla II, Stórólshvoll, Gata m. Ormsvelli, Króktún, Þinghóll, Miðhús, Efri-Hvoll, Völlur I, Völlur II, Bakkavöllur, Markarskarð, Árgilsstaðir I, Árgilsstaðir II, Reynifell I, Reynifell II, Þorleifsstaðir, Rauðnefsstaðir, Foss, Hróarslækur, Ketilhúshagi, Kirkjubær vestri, Kirkjubær eystri, Gunnarsholt, Reyðarvatn,

185 Keldur, Stokkalækur, Minna-Hof, Stóra-Hof, Lambhagi, Oddhóll, Kragi, Vindás, Sólvellir, Langagerði, Brekkur, Uppsali, Nes, Hella, Fljótsdalur, Barkarstaðir, Háimúli, Árkvörn, Eyvindarmúli, Múlakot I, Múlakot II, Hlíðarendakot, Nikulásarhús, Hlíðarendi, Hallskot, Neðri-Þverá, Efri-Þverá, Deild, Heylækur I, Heylækur II, Teigur I, Teigur II, Butra, Ámundakot, Miðkot, Bollakot, Hellishólar, Kirkjulækur I, Kirkjulækur II, Kirkjulækur III, Kirkjulækjarkot, Kollabær I, Kollabær II, Langekra, Oddi, Varmidalur, Helluvað, Gaddstaðir, Selalækur, Kotmúli, Bjargarkot, Aurasel, Breiðabólstaður m. Há koti, Núpur I, Núpur II, Eystri-Torfastaðir I, Eystri-Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir I, Vestri-Torfastaðir II, Vestri-Torfastaðir III, Fagrahlíð, Sámstaðir I, Sámstaðir II, Sámstaðir III, Flókastaðir, Vatnsdalur I, Vatnsdalur II.

4. gr.

Óheimilt er öllum öðrum en félaginu að stunda veiði í vötnum þeim, sem talin eru í 3. gr., nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma, veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum, til stangaveiði, ef sýnilegt þykir að hagur sé að því fyrir félagið. Þó má það ekki vera til lengri tíma en eins árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og að tekið sé fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi sé til umræðu.

6. gr.

Félagið starfrækir laxa- og silungsklak á þeim stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við klakið skal jafna niður á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur. Klekja skal út minnst 100 seiðum fyrir hvern lax, sem veiðist á félagssvæðinu.

7. gr.

Stjórn skipa 5 menn: formaður og 4 meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, 2 meðstjórnendur eftir tvö ár eftir hlutkesti. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema lögleg forföll hamli, eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

8. gr.

Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum milli aðalfunda. Hún hefur eftirlit með því að lögum félagsins sé hlýtt. Hún ræður fasta starfsmenn og gerir við þá samninga um kaup og kjör, enda samþykki lögmætur aðalfundur þá samninga. Hún má ráða menn sér til aðstoðar, þó án þess að til kostnaðar sé fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur umsjón með störfum þess öllum og fjárreiðum.

9. gr.

Aðalfund heldur félagið fyrir lok marz mánaðar ár hvert. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er boðaður hverjum félagsmanni með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá leggur hún þar fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður 185
og á um laun til stjórnarmeðlima og annarra starfsmanna félagsins.

21. sept.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum, nema um breytingar á samþykktum félagsins sé að ræða eða félagsslit.

10. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til eða ef einn fjórði félagsmanna óskar þess og tilgreinir fundarefni.

11. gr.

Reikningsár er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

12. gr.

Arði af sameiginlegri veiði og svo öllum gjöldum, er af starfsemi félagsins leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir gamla skráin áfram. Þó geta þeir, sem telja sig vanhaldna um skipting arðs, krafist, að skorið sé úr ágreiningi með mati.

13. gr.

Félagsmenn skulu greiða kostnað af starfsemi félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Eigi má úthluta arði öllum skv. 12. gr. fyrr en eftir aðalfund, enda sé tekjuafgangur á ársreikningi félagsins.

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 500.00 og veiði eða andvirði hennar gerð upptæk og renni í félagssjóð.

15. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema tveir þriðju félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna og hafi þess verið getið í fundarboði, að umræða og ákvörðun um breyting hennar fari fram á fundinum.

16. gr.

Félaginu má slita, ef tveir þriðju félagsmanna samþykkja það á löglega boðuðum aðalfundi.

Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal þá jafnað niður á félagsmenn eftir gildandi arðskrá.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. september 1943.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.